

## Fundur í stjórn foreldrafélags Króks

31. janúar 2018 kl. 20:30

### Fundargerð

Mætt: Erla Ósk Pétursdóttir, Heiðar Hrafn Eiríksson, Lilja Ósk Sigmarsdóttir, Árni Snær Brynjólfsson, Eva Rún Barðadóttir og Sigrún Sesselja Óskarsdóttir. Boðuð forföll: Ingólfur Ágústsson.

1. Árni benti á að hann hefði fengið tölvupóst frá einhverjum sem þóttist vera Erla og bað á bjagaðri íslensku um að peningar yrði millifærðir yfir á þýskan reikning. Miðað við nöfn og netföng sem notuð voru hafa viðkomandi aðilar fundið upplýsingarnar um gjaldkera og formann félagsins á heimasíðu Króks. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að fara varlega í þessum efnum og framkvæma ekki greiðslur út frá tölvupóstsamskiptum.
2. Jólballið sem félagið hélt í desember gekk vel. Þó voru fundarmenn sammála um að á næsta ári ætti að stjórna ballinu og dansinum í kringum tréð betur eða að hafa ballið bara klukkutíma og láta jólasveinana koma fyrr.
3. Eva Rún greindi frá fræðslunefndarfundinum sem hún sótti sem fulltrúi félagsins í byrjun janúar. Var þar helst rætt um sigellu bakteríuna sem og drög að verklagsreglum fyrir hvatningaverðlaun fræðslunefndar.
4. Staða fjármála. Staðan á bankareikningnum er um 64.000 kr og á morgun kemur inn greiðsla fyrir janúar, þannig að í byrjun febrúar verður um 105.000 kr inn á reikningnum.
5. Fundarmenn ræddu um starfsemi félagsins um vorið.
  - a. Vinnudagur í apríl. Félagið virkjar foreldra til að hittast og gera útsvæðið á Króki fínt, jafnvel bæta einhverju við. Hugmyndir um að bæta einhverju við sull/vatn-stöðina sem sett var í fyrra eða jafnvel indíánatjaldi eins og á Tjarnaseli (úr 3 trjádruðum og striga). Tillaga um að halda smá fjáröflun samtímis, jafnvel „selja“ listaverk eftir börnin (frjáls framlög), og myndi það vonandi trekkja fleiri foreldra að. Félagið myndi einnig vera með kaffi og eitthvað gott að narta í.
  - b. Vorhátíð í maí. Halda þegar veðrið verður farið að hlýna. Hugmyndir um að hafa Buggy bílinn aftur, einhvern að sprella í skemmtilegum búning, vatnsrennibraut (betra plast í þetta sinn), o.fl. Þjóða upp á svala, kaffi og popp/snakk (ath. ekkert ofnæmisvaldandi). Gefa svo gjöf: vatssprautur/frisbí/bolta.
  - c. Útskrift 30. maí. Við útskrift stjórnuhóps þá gefum við minnislykla með myndum af tíma þeirra á Króki, græðlinga og svo mynd af hópnum (blaðakápa).
6. Annað.
  - a. Þurfum að láta útbúa fleiri söngmöppur (25-30 stk). Kostar um 50.000 kr, möppurnar dýrastar.
  - b. Væri sniðugt að hafa bangaspítalann á Króki einhvern daginn. Á Laut voru það mömmur í foreldrafélaginu sem sáu um þetta en einnig væri hægt að fá læknanema í þetta.
  - c. Á næsta ári gæti nefndin sótt um styrki fyrir tannburstum og tannkremi í tannverndarvikunni (sem er um þessar mundir) og gefið krökkunum í skólanum.

Það sem þarf að gera:

- Heiðar Hrafn fer í að finna og panta usb lykla fyrir myndirnar.
- Eva Rún fer í að leita að ódýrari möppum.
- Hópurinn ætlar að kasta á milli sín hugmyndum að búningum og gjöfum sem hægt er að kaupa ódýrt á Ali og væri þá komið fyrir vorhátíðina.

Næsti fundur verður haldinn í febrúar.

Fundargerð ritaði Erla Ósk Pétursdóttir.